



Alþingi
Erindi nr. P 131/1639
komudagur 26.4.2005

Reykjavík 26. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um þingsályktun um ferðamál.

Meðfylgjandi umsögn var samþykkt á fundi ráðsins í dag.

Með þessari áætlun er lagður grunnur að því að uppbygging í ferðaþjónustu verði á forsendum greinarinnar og henni verði sköpuð skilyrði til frekari vaxtar og arðsemi.

Ferðamálaráð fagnar því nýmæli að hér hafi verið lögð fyrir Alþingi áætlun til næstu ára um aðgerðir stjórnvalda í þessari atvinnugrein. Þar sem slík áætlun fyrir ferðaþjónustu er nú unnin í fyrsta sinn er ástæða til að yfirlit yfir verkefni og aðgerðir séu skýr.

Með samþykkt slíkrar tillögu væri fyrirtækjum, sveitarfélögum og öðrum sem að ferðaþjónustu koma ljósar aðgerðir og stefna stjórnvalda til lengri tíma, en nú er sem auðveldar öll áform um uppbyggingu og rekstur.

Ráðið leggur áherslu á að þær aðgerðir sem hafa verið kynntar í undirgögnum sem eru skýrslur um heilsutengda ferðaþjónustu, menningartengda ferðaþjónustu, auðlindina Ísland og framtíð ferðaþjónustunnar.

Þær eru fylgiskjöl tillögunnar og eiga að móta ákvarðanatöku í fjárveitingum. Á sama hátt telur ráðið mikilvægt að við kynningar- og markaðsmál verði áfram unnið að enn frekari styrkingu lágannar og dreifingar ferðamanna. Lágönn ætti að vera skýr megináhersla stjórnvalda í stuðningi og markaðsstarfi í ferðaþjónustu.

Ljóst er að sú stefna stjórnvalda og aðgerðir í þá veru hafi skilað árangri.

Því er æskilegt að fjármunir til markaðssetningar og ferðaþjónustu geti haldist í hendur við breytilegar þarfir greinarinnar.

Þá hefur komið skýrt fram að undanförunu hve aukin vinna og fjármagn að innlendri kynningu hefur skilað miklum árangri. Í aðgerðaráætlun til næstu ára verður að tryggja áframhaldandi aðgerðir er beinast að innlenda markaðanum enda þýðing hans mikil ekki síst fyrir landsbyggðina.

Ferðamálaráð undirstrikar mikilvægi óhlutdrægra upplýsingamiðstöðva.

Ráðið leggur til að bætt verði inn nýju áhersluatriði í flokknum kynningarmál þar sem sérstaklega verði vísað til hvataferða og ráðstefnutengdrar ferðaþjónustu.

Sú áætlun sem hér um ræðir er í eðli sínu almenns eðlis og tekur því ekki á sérstökum þáttum sem snerta kunna einstök landssvæði eða þætti ferðaþjónustunnar.

Slík mál þurfa á hinn bóginn að vera í sífelldri athugun og leggur ráðið áherslu á að til þeirra þátta sé tekið tillit við framkvæmd áætlunarinnar.

Virðingarfyllst,

Ferðamálaráð Íslands



Einar Kr. Guðfinnsson
formaður